

5. gr.

Umsóknir um endurgreiðslu söluskatts samkvæmt þessum reglum skulu bornar fram á sérstökum eyðublöðum sem Siglingamálastofnun ríkisins lætur í té.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar sem eyðublöðin gefa tilefni til séu skilmerkilega færðar og þau jafnframt undirrituð.

Umsóknir um endurgreiðslur skulu sendar Siglingamálastofnun ríkisins.

6. gr.

Komi í ljós að aðili sem notið hefur niðurfellingar eða fengið endurgreiðslu söluskatts samkvæmt reglum þessum hafi gefið rangar eða villandi upplýsingar, sbr. 4. gr., eða breytt afnotum sínum að bátum þannig að reglur þessar eigi ekki við mun ráðuneytið endurkrefja viðkomandi um vangoldinn söluskatt ásamt viðurlögum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og öðlast gildi hinn 1. nóvember 1986.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

6. mgr. 1. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2.—5. mgr. þessa töluliðar skal aðilum, sem framleiða í verksmiðjum íbúðarhús, svo og hús fyrir barnaheimili, leikskóla, félags- og safnaðarheimili og atvinnurekstur, heimilt að draga við söluskattsskil eftirtalda hundraðshluta frá heildarsöluverði uppsettra húsa áður en söluskattur er reiknaður:

- | | |
|--|-----|
| a) Sé verksmiðjuframleitt hús afhent tilbúið undir málningu og innréttingu með eða án allra lagna | 44% |
| b) Sé verksmiðjuframleitt hús afhent fokelt, óháð því hvort útveggir eru tilbúnir undir málningu eða þak frágengið að utan | 42% |

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.